



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

[postur@uar.is](mailto:postur@uar.is)

Reykjavík, 2. október 2018

**Mál: Athugasemdir og ábendingar vegna heildarendurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skila sameiginlegum ábendingum vegna málsins. Minnt er á að samtökin hafa ein og með öðrum skilað athugasemdum og umsögnum á fyrri stigum vegna þessa máls. Þau hafa einnig tekið þátt í nefndarstarfi á vegum ráðuneytisins sem hafði það markmið að undirbúa breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Því er vísað til fyrri erinda samtakanna í málinu og sérstaklega eftirfarandi: **(i)** umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, mál S-19/2018, dags. 9. mars 2018, **(ii)** sérálit fulltrúa SA og Sambands sveitarfélaga vegna tillögu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að breytingum á lögum nr. 106/2000, dags. 22. febrúar 2018, og **(iii)** umsögn samtakanna til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, dags. 4. maí 2018.

Samtökin fagna því að hafin skuli tímabær heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Leyfisferli og mat á umhverfisáhrifum hafa haft jákvæð áhrif og leitt til betri framkvæmda sem og gagnlegs samtals hagaðila. Reynslan hefur hins vegar sýnt að matsferlið sem og ferlið við tengdar leyfisveitingar er mjög hægvirkt, flókið og kostnaðarsamt. Tímafrestrir í lögum standast ekki og ekki er fyrirsjáanlegt hve langan tíma ferlið getur tekið. Margar stofnanir og umsagnaraðilar koma að málum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum og sömu stofnanir koma oftast en einu sinni að sama máli. Því þarf framkvæmdaaðili að senda gögn fram og til baka og biða eftir afgreiðslu á einum stað til að hægt sé að hefja næsta stig. Það er óviðunandi að í upphafi sé engin leið fyrir framkvæmdaaðila og fjárfesta að átta sig á því hve langan tíma matsferlið og leyfisveitingar muni taka.

Þá er ljóst að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur ekki undan og afgreiðslutími nefndarinnar er langt umfram lögbundinn málsmeðferðartíma. Þetta hefur verið gagnrýnt af m.a. Eftirlitsstofnun EFTA en lítið hefur breyst. Nauðsynlegt er að finna aðferðir til að umhverfisverndar- og útivistarsamtök komi ábendingum og athugasemdum sem fyrst að í ferlinu. Það er líklegast til að hafa jákvæð áhrif og að betur verði hugað að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þannig verði búið að taka tillit til allra sjónarmiða áður en kemur að leyfisveitingum. Það er gríðarlega íþyngjandi fyrir framkvæmdaaðila að þurfa að sæta kærni að loknu löngu matsferli framkvæmdarinnar og sérstaklega ef koma fram nýjar kröfur sem auðvelt hefði verið að bregðast við áður.

Kjarni málsins er sá að kerfið er óskilvirkt og samtökin telja nauðsynlegt að úr því verði bætt. Samræma þarf og einfalda ferla varðandi leyfisveitingar hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum og koma í veg fyrir tvíverknað. Tryggja þarf að tímafrestrir standist og ferlið verði fyrirsjáanlegt. Auðvelda þarf samskipti framkvæmdaaðila við stofnanir og minnka þörf fyrir að endurtaka vinnu með mismunandi stofnunum. Þá telja samtökin mikilvægt að auðvelda hagsmunaaðilum og almenningi að fylgjast með og átta sig á hvar



málin standa og hvar megi nálgast upplýsingar. Þannig er nauðsynlegt að við endurskoðun laganna verði horft til heildarmyndarinnar, lög og leyfisveitingar verði samræmd og vinnubrögð straumlínulöguð. Með þessu yrði ferlið skilvirkara, tæki skemmri tíma og yrði ódýrara fyrir þá sem að því koma; atvinnulíf, stofnanir og sveitarfélög. Samráð við samfélag, hagsmunaaðila og áhugasama yrði árangursríkara og gæti skilað betri árangri í umhverfisvernd.

Sérstaklega benda samtökin á eftirfarandi:

1. Að fella saman í einn lagabálk lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana og skipulagslög. Unnt verði að fara með framkvæmdir sem taka til margra sveitarfélaga í sameiginlegt ferli þar sem breytingar á skipulagi og umfjöllun um framkvæmdina fara fram í samhliða ferli. Almennt geti breyting á skipulagi og mat á tiltekinni framkvæmd farið fram samhliða.
2. Að íslensk lög gangi ekki lengra en gert er ráð fyrir í viðkomandi tilskipunum ESB en þær kveða til dæmis á um að matsáætlun framkvæmdaaðila sé valkvæð.
3. Að viðaukar við lög um mat á umhverfisáhrifum verði endurskoðaðir, s.k. c – flokkur felldur niður og viðmið verði almennt í samræmi við tilskipun ESB.
4. Að ekki verði hróflað við gildistíma álits Skipulagsstofnunar á matskýrslum.
5. Að komið verði upp einni rafrænni gátt þar sem framkvæmdin er útgangspunkturinn. Gögnum fyrir leyfisveitingar yrði skilað þar inn. Litið yrði til greininga og reynslu Finna í þessum efnum en áformað er að slík gátt verði opnuð í Finnlandi árið 2020. Finnar ákváðu að einfalda stjórnsýslu í stað þess að endurskrifa flókna löggjöf. Gerð var greining á áhrifum sem breytingin hefði í för með sér m.t.t. meðal annars fjölda leyfa og stjórnunarkostnaðar hjá einkaaðilum, opinberum framkvæmdaaðilum og stofnunum. Niðurstaðan var að umtalsverður sparnaður næðist fram með vinnuhagræði, minni tvíverknaði, auknum hraða í framkvæmdum og minni töfum. Rafræn gátt myndi virka þannig að athugasemdir umsagnaraðila birtist þar jafnóðum og það verði skýrt í hvaða röð hlutirnir eiga að fara fram og hvað má gera samtímis. Tímafrestrir verði skýrir og þeim fylgt eftir með rafrænum áminningum. Með þessu fyrirkomulagi sjást breytingar fljótt, allir hlutaðeigandi hafa jafnan nýjustu upplýsingar, auðveldara verður að samnýta sérþekkingu á milli stofnana og samvinna batnar. Þá væri hægt að sækja um nokkur leyfi í sömu umsókn eða samhliða. Fyrirmyndir má sækja annars staðar í stjórnsýsluna, t.d. skil á skattframtölum þar sem gögnum er safnað á einn stað frá fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum, sem og samráðsgáttina þar sem auðvelt er að kynna sér mál í umsagnarferli.

Ávinningur af breyttu verklagi felst m.a. í vinnusparnaði í stjórnsýslunni, fyrirsjáanleiki myndast fyrir framkvæmdaaðila, allt skipulag verkefna verður auðveldara og minni sóun verður á efnum og starfskröftum í framkvæmdaferlinu. Skilvirkni í samráðsferli eykst og aðgengi almennings og hagaðila að málum batnar.

Samtökin telja mikilvægt að boðaðri heildarendurskoðun ljúki sem fyrst.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins